

SAGA 3CV05

Saga borga

Áfanginn er valáfangi í sögu á 3. þrepi.

Undanfarar:

Tveir áfangar í sögu eða listasögu á 2. þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Í þessu námskeiði verður farið yfir sögu borga frá því að þær tóku fyrst að myndast fyrir 5000 árum. Horft verður á þau einkenni borganna sem gerðu þær spennandi og að hreyfiafli í sögunni. Í fornaldarsögunni voru borgirnar valdamiðstöðvar allt frá borgríkinu Spörtu til heimsveldis Rómar. Borgirnar efldu vísindi, fræði og tækni og þær urðu vettvangur bókmennta og lista. Frá því á miðöldum fer borgmenning að blómstra í V-Evrópu og í samtímanum sækjum við enn hugmyndir til miðalda og þær takast á við hugmyndir 20. Aldar um úthverfaborgina og bílaborgina. Á 20. öld stækkuðu borgir gífurlega bæði í fólksfjölda og ferkílómetrum og við skoðum hvernig borgarbúar tóku þessari áskorun. Í dag velta menn því fyrir sér hvernig eigi að bjóða borgarbúum upp á heilbrigðar og mannúðlegar borgir. Hvernig getum við gert borgarumhverfið þannig að okkur langi til að búa í því. Í áfanganum verður reynt að grípa til dæma frá öllum heimshornum um leið og við skoðum hvernig okkar eigin höfuðborg hefur svarað kalli tímans. Kennsluefni verður margbreytilegt, greinar, bækur, efni af netinu, myndir (m.a. kvikmyndir) og áfanginn er símatsáfangi sem lýkur með stóru lokaverkefni.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Saga, rými, skipulag, arkitektar, miðborg, úthverfi, gettó, borgvæðing, landnotkun, borgarklasi, borgarmúrar, útópíur, garðabæir,

Námsmat:

Verkefni og símat.

LEIK 1AL05

Leikhússport áfangi

Áfanginn er spunaáfangi á fyrsta þrepi þar sem unnið er með aðferðir Leikhússports og tekur mið af Leiktu betur Leikhússportkeppni framhaldsskólanna.

Undanfarar:

Engir undanfarar eru fyrir áfanginn er hann er undanfari fyrir áfanga a 2. þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er spuni og ýmsar aðferðir í spunavinnu.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Hópvitund, spuni, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, hópsköpun, hæðaplön, sviðsvitund,

Námsmat:

Frammistöðumat, sýning

LEIK 2BL05

Leikhússport framhald

Áfanginn er spunaáfangi á öðru þrepi þar sem unnið er með aðferðir Leikhússports og tekur mið að Leiktu betur Leikhússportkeppni framhaldsskólanna.

Undanfarar:

Undanfari er LEIK 1AL05 og er áfanginn sjálfur undanfari fyrir áfanga á 3. þrepi

Stutt lýsing á efni áfangans:

Áfanginn er framhaldsáfangi í spunavinnu og leggur áherslu á vinnu með hópvitund, hópstjórn og utanumhald liðsheildar

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Liðsheild, hópvitund, spuni, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, hópsköpun, hæðaplön, sviðsvitund,

Námsmat:

Frammistöðumat, sýning

LEIK 2BB05

Áfanginn er á öðru þrepi.

Undanfarar:

Undanfarar eru áfangar á 1.þrepi. Áfanginn sjálfur er undanfari fyrir áfanga á 3. Þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er senur senur úr leikverkum. Í ferlinu er lögð áhersla á vinnu leikarans og persónusköpun. Unnið er með textagreiningu og grunnnálgun á leikverki sem grundvöll fyrir þróun leikverks í átt til sýningar.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Textagreining, virk greining, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, tilfinningalegt minni, „töfra ef-ið“ (the magic if), raddmótun, framsögn og hljóðmótun.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni, sýning.

LEIK 2BK05

Kvikmyndaleikur

Áfanginn er á öðru þrepi.

Undanfarar:

Undanfarar eru áfangar á 1.þrepi. Áfanginn sjálfur er undanfari fyrir áfanga á 3. Þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er kvikmyndaleikur og helstu aðferðir og tækni sem notaðar eru í kvikmyndaleik.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Textagreining, virk greining, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, tilfinningalegt minni, myndmál, upptökutækni, klippivinna, sjónarhorn.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni.

LEIK 3CF05

Uppsetning á leikriti

Áfanginn er framhaldsáfangi á 3 þrep og er valáfangi..

Undanfarar:

Undanfaarar eru áfangar á 2. þrepi, s.s. senuvinnuáfangi, LEIK 2BS05.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er leiksýningin og ferlið frá samlestri til sýningar. Ferlið sjálft er skilgreint og skoðað og kafað ofan í vinnu leikarans í þessu ferli.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Leikritagreining, virk greining leiktúlkun, persónusköpun, raddmótun, leikstílar, líkamsþjálfun, framsögn og hljóðmótun, rýmisvitund, sviðsvitund, hlustun, fókus, tilfinningalegt minni, hugmyndavinna.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni, sýning

LEIK 3.....

Shakespeare áfangi

Áfanginn er á 3. þrepi

Undanfarar:

Undanfarar eru áfangar á 2.þrepi. Áfanginn sjálfur er undanfari fyrir áfanga á 4. þrepi.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans eru verk eftir William Shakespeare, leiktúlkun og textavinna í tenslum við þau og útfærsluleiðir.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Textagreining, virk greining, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, tilfinningalegt minni, raddmótun, framsögn og hljóðmótun, persónulegt rými, stærð, sviðsvitund.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni, sýning.
